



Félags- og menningarmálanefnd - 13.01.2015

2. fundur

13. janúar 2015, kl 16:00-17:30

Fundarstaður: Skjólbrekka

Fundarmenn:

Starfsmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Sigurður Böðvarsson

Jóhanna Njálsdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson boðaði forföll vegna veikinda.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kynning á Samningi um sameiginlegt þjónustusvæði í Þingeyjarsýslum um þjónustu við fólk með fötlun
3. Jafnréttisáætlun
4. Skjólbrekka
5. Önnur mál

1. Fundarsetning

Elísabet setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kynning á samningi um sameiginlegt þjónustusvæði í Þingeyjarsýslum um þjónustu við fólk með fötlun

Nýr samningur hefur verið undirritaður til þriggja ára. Helsta breytingin frá fyrri samningi er sú að gert er ráð fyrir að myndað verði sérstakt þjónusturáð aðildarsveitarfélaganna. Fundarmenn skoðuðu nánari útlistun á tilgangi þjónusturáðsins og við fyrstu sýn lítur út fyrir að það verði betri tenging við málefnið fyrir aðildarsveitarfélögin með þjónusturáðinu. Fundarmenn eru sammála um að það sé mjög jákvætt.

3. Jafnréttisáætlun

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti Jafnréttisáætlun árið 2010. Þar kveður á um að áætlunina skuli endurskoða eftir þörfum og ekki seinna en fjórum árum frá samþykkt hennar. Dagbjört sagði að fyrrverandi nefnd hafi nokkrum sinnum minnt á nauðsyn þess að framfylgja stefnunni en engin gögn eru til um að það hafi verið gert. Fundarmenn eru sammála um að nú þurfi að endurskoða áætlunina og eftir þörfum að uppfæra hana. Einnig þarf að útbúa aðgerðaráætlun til að fylgja henni eftir. Ákveðið er að hafa samband við Jafnréttisstofu til að fá ráðgjöf varðandi þetta mál.

4. Skjólbrekka

Nefndin skoðaði húsið með tilliti til framtíðarnýtingar þess. Rætt var um verðmæti sem Skjólbrekka hýsir, t.d. flygilinn, málverkin hans Jóa, bókasafnið ofl. Nefndarmenn eru sammála um að það þurfi að varðveita þessi verðmæti og húsið sjálft. Auk þess þarf að finna myndavélasafni Arnar samastað, en hluti safnsins er geymt í sýningarskápum í Íþróttamiðstöðinni, sem er vel, en hluti þess er ennþá í kössum. Einnig þarf að vinna að skráningu myndavélanna. Það er skoðun nefndarinnar að hugsanlega væri hægt að nýta húsið meira undir menningarstarfsemi en nú er gert.

5. Önnur mál

Elísabet sagði frá því að auglýsing vegna fyrri styrkúthlutunar hefði verið send út. Einnig sagði hún frá því að gerður hafi verið nýr samningur við Félag eldri Mývetninga. Rætt um myndavélasafn Arnar og sú hugmynd kom upp að sækja um styrk til Eypings til að koma betra skikki á safnið sem er að hluta til enn í kössum.

Fundi slitið kl. 17:30.